

59. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn mánudaginn 23. júní 2008 kl.12 -13 á Salatbarnum, Faxafeni.

Mættar: Hildur Gestsdóttir, María J. Gunnarsdóttir, Ragna Karlsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fjarverandi: Helga Tuliníus, Ingibjörg Guðlaugsdóttir og Bjarni Reyr Kristjánsson.

Heimsóknin til Úganda

Rosette hefur óskað eftir því að vita hvenær fulltrúar Alnæmisbarna komi í heimsókn. Talað um að það verði að öllum líkindum í nóvember á þessu ári. Sigurlaug er búin að fá styrk til þess að gera rannsókn á stöðu alnæmismála hjá stelpunum hjá CLF frá stéttarfélaginu hennar.

Skipting stjórnar í stöður

Skipting stjórnarmeðlima í stöður voru ræddar en ákvörðun frestað til næsta fundar þegar fleiri verða mættir.

Bréf frá UAF

María fékk nýlega bréf frá ABC barnahjálpi þar sem sagt var frá því að Trudy Odida fyrrum skólastjóri Kitetika-skólans og stofnandi UAF (Uganda Australian Foundation) væri hér á landi til að kynna Úganda verkefnið á afmælishátíð ABC. María ætlar að hafa samband við Guðrúnu Margrétu Pálsdóttur formann ABC-samtakanna til að kanna betur skipulag afmælishátíðarinnar upp á þátttöku okkar í henni og ekki síst til að finna tíma til að hitta Trudi.

Önnur mál

Nýr fundur ákveðinn þriðjudaginn 15. júlí á Salatbarnum kl.12.

Með kveðju,

Sigurlaug Hauksdóttir

ritari stjórnar